



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

54. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 6. febrúar 2015 kl. 15:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Guðlaug Kristjánsdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison og Gunnar Leó Helgason

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Umsögn Skipulagsstofnunar við auglýsta tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins

Frestað til næsta fundar þar sem forstjóri Skipulagsstofnunar forfallaðist vegna veikinda.

2. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Tillaga til kynningar

Einar Jónsson, sviðsstjóri á sviði stefnumótunar og þróunar hjá Skipulagsstofnun kynnir tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2016. Athugasemdafrestur rennur út 13. febrúar 2015. Hrafnkell lagði fram minnisblað með tillögu að inntaki athugasemda svæðisskipulagsnefndar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Einari fyrir kynninguna og felur Hrafnkatli að senda inn athugasemdir í samræmi við umræður.

Bryndís Haraldsdóttir og Guðlaug Kristinsdóttir yfirgáfu fundinn að loknum 2. dagskrárliðs.

3. Innkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins
Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, greinir frá innkomnum athugasemdum.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur fagráði að gera tillögur að viðbrögðum við innkomnar athugasemdir. Tillögur fagráðs verða til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar.

4. Drög að samstarfssamkomulagi Vegagerðarinnar og SSH

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagstjóri, gerði grein fyrir samstarfssamkomulagi milli Vegagerðarinnar og SSH sem er í vinnslu. Gerð samkomulagsins er á grunni samþykktar stjórnar SSH frá 5. maí. Þá komu á stjórnarfund SSH, Vegamálastjóri og fyrrverandi formaður svæðisskipulagsnefndar SSH í kjölfar athugasemda Vegagerðarinnar við svæðisskipulagstillögu sem kynnt var á vinnslustigi.

Samkomulagið felur í sér að Vegagerðin og sveitarfélögin vinni sameiginlega að þeim verkefnum sem tilgreind eru svæðisskipulagstillögunni og útfærð fylgiriti 6 – Næstu skref í samgöngumálum. Gerðar verða breytingar á svæðisskipulagstillögunni, annarsvegar á korti 5 – Stofnvegir og hinsvegar á texta markmiðs 2.4. Samkomulagið verður kynnt á stjórnarfund SSH mánudaginn 9. febrúar. Formaður svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagstjóri eru boðaðir á þann fund.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd fagnar því að unnið sé að samstarfssamkomulag við Vegagerðina. Formanni og svæðisskipulagsstjóra falið að koma sjónarmiðum nefndarinnar á framfæri við stjórn SSH. Júlíus Vífill Ingvarsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

5. Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, lýsing aðalskipulagsgerðar

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri Garðabæjar og Árni Ólafsson skipulagsráðgjafi kynna lýsinguna og þær áherslur sem verða við endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Arinbirni og Árna fyrir kynninguna og felur Hrafnkatli að gera tillögur að umsögn og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

6. Matslýsing vegna umhverfismats kerfisáætlunar Landsnets

Lögð fram.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður haldinn föstudaginn 27. febrúar kl. 15:00.
Fundi slitið kl. 17:15.